

AUGLÝSING

um innflutning tiltekinna matvæla frá Bretlandi.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á vörum frá Bretlandi sem innihalda kjöt af nautgripum, sauðfé, geitum, svínunum og falla undir eftirfarandi tollflokka:

1901.2023	1902.2029	1902.3021	1902.4021	2004.9006
1901.2043	1902.2041	1902.3029	1902.4029	2005.9001
1902.2021	1902.2042	1902.3041	1904.9001	2106.9064
1902.2022	1902.2049	1902.3049	1905.9051	

2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að afurðir sem um getur í 1. gr. og fluttar eru til landsins beri ekki með sér smitsjúkdóma.

3. gr.

Innflytjendur matvæla sem falla undir ákvæði 1. gr. skulu framvísa vottorði opinberra eftirlitsaðila um að vörurnar hafi verið hitameðhöndlaðar í að minnsta kosti 72°C í 15 sekúndur. Ef ekki er unnt að leggja fram slíkt vottorð fer um innflutning vörunnar samkvæmt ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og ákvæða 6. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum og að höfðu samráði við umhverfissráðuneytið vegna eftirlitsskyldu Hollustuverndar ríkisins. Reglugerðin er tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/ESB um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsingin öðlast gildi 26. september og gildir til 15. desember 2001. Fyrir þá dagsetningu verður auglýsingin endurskoðuð og gildistími hennar hugsanlega framlengdur.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. september 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.